



Reykjavík, 11. júlí 2024  
USK24050102

## Hátún 10-14 – Breyting á deiliskipulagi / Hátún 10, 10A og 10B

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. júní 2024 var lögð fram umsókn Sævars Sigurðssonar, dags. 8. maí 2024, ásamt bréfi, ódags., um breytingu á deiliskipulagi Hátúns 10-14 vegna lóðarinnar nr. 10 við Hátún. Í breytingunni sem lögð er til felst að setja djúpgáma á lóð fyrir íbúa að Hátúni 10, 10A og 10B, samkvæmt uppdr. Arkitekta, dags. 14. mars 2024. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.



Deiliskipulag Hátúns 10-14.



Lofthmynd frá Borgarvefsjá.

### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Hátún 10 borgarhluta 4-Laugadalur og er hluti af íbúðarsvæði *ÍB20 – Tún*, en einnig er það hluti af þróunarsvæði *PS36 – Hátún*.


**Deiliskipulag:** Í gildi er deiliskipulag fyrir Hátún 10-14, samþykkt í borgarráði 7. desember 1993, ásamt síðari breytingum.

### Umsögn

Byggingarnar nr. 10, 10A og 10B við Hátún eru íbúðarhúsnæði, byggt árið 1968 skv. fasteignaskrá.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á breytingu á deiliskipulagi fyrir Hátún 10-14, en umsækjandi óskar eftir að setja djúpgáma launir fyrir íbúa við Hátún 10, 10A og 10B.

Kominn er uppdráttur af breyttu deiliskipulagi. Í



Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Hátún 10, 12 og 14.

1:100



Reykjavík



vinnslu er heildarskoðun fyrir svæðið allt og því er lagt til að sú vinna verði einnig nýtt til að skoða betur staðsetningu djúpgámana.

#### **Niðurstaða**

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.
- Skoða þarf staðsetningu betur í samhengi við heildarendurskoðun svæðisins.

#### **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Katrín Eir Kjartansdóttir  
verkefnastjóri